

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 36. TBL.

11. JÚNÍ 2010

## Lækjarskóli hlýtur menntaverðlaun forsetans

Lækjarskóli hlýtur menntaverðlaun forseta Íslands árið 2010 í flokki skóla sem afhent var í húsnæði Mýrarhúsaskóla (nú Grunnskóli Seltjarnarness) í vikunni. Lækjarskóli hlýtur viðurkenninguna fyrir farsælt samhengi skólastarfs í yfir 130 ár (og 17 skólastjóra) þar sem nýbreytni og þróunarstarf er samt sem áður ríkjandi í starfsemi skólans í dag. Þar var sérstaklega getið áherslna í Lækjarskóla að þróa námsleiðir fyrir nemendur með margvíslegar þarfir, sbr. kennslu fyrir unglinga í fjölnáminu, kennslu tvítyngdra nemenda (nýbúa) og kennslu nemenda með sérþarfir (sérdeild) þar sem skólinn aðlagi sig vel að breyttum þjóðfélagsaðstæðum í byrjun 21. aldarinnar sem verður æ fjölmenningsarlegra. Þá voru nefndar áherslur skólans í þróunarstarfi almenns kennslustarfs í skólanum, t.d. SMT-skólaferni og samvinnunám (CLIM).

Fulltrúar Lækjarskóla tóku á móti verðlaununum, bæði starfsfólk, nemendur



og fólk úr stjórnkerfi bæjarins. Fæstir starfsmenn skólans áttu þó heimangengt á verðlaunaafhendingina þar sem þeir eru þessa vikuna í námsferð í Svíþjóð.

Til hamingju með verðlaunin, starfsfólk, nemendur og foreldrar í Lækjarskóla.

Myndirnar er frá afhendingu menntaverðlaunanna.





## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Frá **Námshagstofnun**: Tveir námsvefir voru nýlega opnaðir hjá Námshagstofnun. Þetta eru vefirnir **Orðaleikir** ([www.nams.is/ordaleikir/](http://www.nams.is/ordaleikir/)) og **Myndmennt** ([www.l.nams.is/myndmennt/](http://www.l.nams.is/myndmennt/)). Orðaleikjavefurinn er 17 lítil verkefni sem fylgja smábókunum TX 10 – Það er ég, Margt skrytið hjá Gunnari, Gagga og Ari og Rumur í Rauðhamri. Öll verkefni eru úr þeim hluta sem kallast Orðaleikir og eru þess eðlis að nemendur geta unnið sjálfstætt og án þess að hafa lesið bækurnar. Markmið með þeim er að veita nemendum þjálfun í málfræði. Á myndmenntarvefnum er fjölbreytt úrval efnis til kennslu, náms og upplýsingaöflunar í myndmennt og krækjur á myndlistartengt efni á veraldarvefnum. Markmið vefjarins er að koma til móts við (1) áherslu á einstaklingsmiðað nám og fjölbreytta kennsluhætti, (2) eftirspurn eftir námsefni í myndlistarkennslu og (3) notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Út er komin stærðfræðibók **Sproti 3a - Nemendabók**. Æfingaheftið og vinnublað eru væntanleg á vef á næstu dögum. Kennarabók verður komin fyrir haustið.



**Maðurinn - Hugur og heilsa** er ný bók um mannlíkamann fyrir miðstig grunnskóla. Bókin er sænsk, þýdd af Örnólfi Thorlacius. Vinnubók er væntanleg úr prentun á næstu dögum en kennsluleiðbeiningar og verkefnablað til ljósritunar verða á vef Námshagstofnunar.



### 4. bekkingar syngja inn Bjarta daga

Nemendur í 4. bekkjum í grunnskólum í Hafnarfirði settu menningarhátíð bæjarins, Bjarta daga, á Thorsplani þann 2. júní. Þetta hefur verið árleg athöfn frá árinu 2006 að 4. bekkingar setja hátíðina eða í fimmta skipti núna af þeim átta skiptum sem hátíðin hefur verið haldin. Á Thorsplani setti Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri hátíðina og nemendur sungu saman nokkur lög sem þeir höfðu æft í skólanum í vetur. Söngnum var stýrt frá sviðinu með undirleik tónmenntakennarar Áslaugar Bergsteinsdóttur. Þá var Leikhópurinn Lotta með atriði úr söngleik um Öskubusku.

Einstaklega gott veður var við setningarathöfnina og skemmtu nemendur og starfsfólk skólanna sér hið besta. Auk þeirra voru foreldrar þeirra og aðrir gestir velkomnir á setningu og fer þeim fjölgandi frá ári til árs sem setja hátíðina með börnunum.

Myndirnar hér á síðunni eru frá setningu Bjarttra daga í ár.



### Tilkynning vikunnar

Vegna námsferðar starfsfólks Skólaskrifstofu síðasta föstudag kom blaðið ekki út þá eins og áætlað hafði verið. Það átti að síðasta blað vetrarins. Þess í stað kemur síðasta blað vetrarins út í dag.

Skólavefritið tekur nú sumarfrí og kemur næst út þann 20. ágúst. Ritstjóri þakkar samfylgdina í vetur.

**Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 20. ágúst 2010**